

Heiti áfanga: LOKA3AL05

Titill: Sjálfstætt lokaverkefni

Þrep: 3.þrep

Staða áfanga: Áfanginn er valáfangi á þriðja þrepi og getur verið hluti af kjörgrein.

Kennsla: Áfanginn er í boði á hverri önn.

Undanfarar: Nemandi skal hafa lokið a.m.k. 150 einingum af námi sínu til stúdentsprófs og 15 einingum í grein.

Stutt lýsing á áfanganum: Í áfanganum vinna nemendur lokaverkefni sem byggir á fræðilegri þekkingu á tilteknu áhugasviði nemandans og þarf viðfangsefnið að vera á 3. þrepi. Ætlast er til að nemendur öðlist hæfni til að nýta fyrri þekkingu og skilning við úrvinnslu. Nemendur vinna undir verkstjórn kennara á sjálfstæðan hátt sem krefst frumkvæðis, skapandi hugsunar og ábyrgðar á eigin námi. Nemendur öðlist reynslu í að vinna sjálfstætt og þjálfist í fræðilegum vinnubrögðum. Nemendur velja að gera verkefni sem fellur undir eitt af eftirfarandi sviðum í samráði við faglegan leiðbeinanda. Verkefni getur falist í:

Lýsing:

- a) Rannsóknarritgerð sem byggir á rannsókn og úrvinnslu heimilda. Efni getur verið á ýmsum sviðum s.s. bókmennta, sögu, tungumála, raunvísinda, félagsvísinda eða listgreina.
- b) Rannsókn innan félagsvísinda. Nemandi vinnur rannsókn á faglega viðurkenndan hátt.í t.d. einni af eftirtöldum greinum: afbrotufræði, félagsfræði, hagfræði, sálfræði, stjórnmálafræði eða sögu.
- c) Rannsókn innan raunvísinda. Nemandi vinnur rannsókn á faglega viðurkenndan hátt.í t.d. einni af eftirtöldum greinum: eðlisfræði, efnafræði, líffræði eða jarðfræði.
- d) Stærðfræðilegri rannsókn þar sem nemandi gefst tækifæri til að sýna og kanna eigin áhuga á hinum ýmsu viðfangsefnum, svo sem lausnir hagnýtra jafnt sem fræðilegra vandamála.
- e) Eigin sköpunarverki þar sem fræðileg greinargerð fylgir s.s. tónverki, myndverki, hreyfimynd eða skapandi skrifum.

Námsmat: Mat á vinnuferli og lokaafurð

Þekkingarviðmið

Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- fræðilegum rannsóknaraðferðum
- helstu hugtökum sem tengjast öflun og úrvinnslu heimilda
- helstu hugtökum sem tengjast rannsóknum á sviðinu
- fræðilegri greinargerð, heimildavinnu og framsetningu niðurstaðna

Leikniviðmið

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- vinna sjálfstætt
- nota viðurkennd vinnubrögð við gerð rannsókna
- lesa og leggja mat á rannsóknir fræðimanna
- beita skipulegum aðferðum og gagnrýninni hugsun við úrvinnslu efnis
- koma efni á framfæri á vel uppbyggðan, skýran og greinargóðan hátt

Hæfniviðmið

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- vinna sjálfstætt að margvíslegum verkefnum
- skipuleggja vinnutíma sinn og forgangsraða viðfangsefnum
- vera skapandi í þekkingarleit sinni
- nota ýmsar aðferðir við að leysa viðfangsefni
- nýta fyrri reynslu, þekkingu og skilning við úrlausn nýrra viðfangsefna
- nýta þekkingu sína til þess að varpa fram nýjum spurningum
- breyta hugmynd í afurð
- miðla niðurstöðum sínum og vinna úr gagnrýni á uppbyggilegan hátt